

## Mál nr. 2

### ÍBV gegn Val

#### Kæra ÍBV Dómkröfur

Að leikur Vals gegn ÍBV þann 25.5.2007, verði dæmdur tapaður fyrir Val 3-0

#### Málavextir

Einn leikmaður Vals í 3. flokki karla í knattspyrnu, Arnar Sveinn Geirsson kt: 300891-4119, var ólöglegur vegna leikbanns. Arnar Sveinn fékk brottvísun í leik Vals gegn ÍA þann 27. ágúst 2006 og var dæmdur í tveggja leikja bann á fundi aganefndar þann 29. ágúst 2006.

#### Lagarök

Samkvæmt 1. hluta 40 gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatöflunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráð. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 200.000 sé brotið framið í meistarflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 30.000

#### Röksemdir

Skýrt kemur fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að ólöglegt sé að tefla fram leikmanni sem sé í leikbanni. Við slíku broti eru skýr viðurlög, leikur þess liðs verði dæmdur tapaður 3-0. Knattspyrnufélagið Valur tefldi fram leikmanni sem hafði verið dæmdur í tveggja leikja bann á fundi aganefndar 28. ágúst 2006 og var því ólöglegur í umræddum leik. Því fer ÍBV íþróttafélag fram á að leikur Vals verði dæmdur tapaður 3-0 enda um skýrt brot að ræða.

#### Sönnunargögn

- \* Leikskýrsla úr leik Vals og ÍA þann 27. ágúst 2006 er umræddur leikmaður hlaut brottvísun.
- \* Úrskurður aganefndar þann 29. ágúst 2006 er dæmdi umræddan leikmann í 2 leikja bann.
- \* Leikskýrsla úr leik ÍBV og Vals þann 25. maí 2007 sem sýnir að umræddur leikmaður spilaði þrátt fyrir leikbann.

#### Vitni:

Ellert Scheving Pálsson kt: 280588-3349

Sigurlás Þorleifsson kt: 150757-2749

F.h. ÍBV

Einar Hlöðver Sigurðsson

#### Greinargerð Vals

Til KSÍ

Frá foreldraráði 3. flokks karla í Val

**Efni:** Athugasemd v. leiks við ÍBV 26. maí 2007

Fyrsti leikur 3. flokks karla í Val í Íslandsmóttinu var í Vestmannaeyjum 26. maí við ÍBV. Valur vann leikinn 9 – 0. Sigurinn var dæmdur af Val af KSÍ. Forsendur þess að sögn KSÍ er að einn leikmaður Valsmanna, Arnar Geirsson hafi fengið rautt spjald í síðasta leik á Íslandsmóttinu 2006 og því ekki verið löglegur í umræddum leik. KSÍ gaf ekki út tilkynningu í

upphafi Íslandsmótsins 2007 þess efnis að umræddur leikmaður væri í banni. Þjálfari 3. flokks Vals var ekki kunnugt um leikbannið.

Þessum vinnubrögðum er hér með mótmælt og farið fram á að sigurinn gegn ÍBV verði látinn standa og framvegis verði leikbann tilkynnt fyrir fram en ekki að leik loknum.

Við teljum þessa framkomu KSÍ óvirðingu við leikmenn 3. flokks Vals.

Með ósk um góðar undirtektir

F.h.. foreldraráðs

Guðrún Ragnars

### Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2007, þriðjudaginn 19. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Kolbeini Árnasyni, Halldóri V. Frímannssyni og Presti Ríkharðssyni.

#### Fyrir er tekið málið nr. 2/2007:

ÍBV-Íþróttafélag

gegn

Knattspyrnufélaginu Val

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR:

I.

#### Kærandi:

ÍBV-Íþróttafélag, kt.680197-2029, Týsheimilinu v/Hamarsveg, Vestmannaeyjum.  
Fyrirsvarsmaður Viðar Elíasson, formaður knattspyrnudeildar.

#### Kærði:

Knattspyrnufélagið Valur, kt. 670269-2569, Laufásvegi v/Hlíðarenda, Reykjavík.  
Fyrirsvarsmaður E. Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 1. júní sl. Með tölvupósti og með pósti þann 4. Júní sl. Kærða var gefinn kostur á skila greinargerð og barst ódagsett greinargerð kærða þann 8. júní sl.

#### Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik ÍBV og Vals í Íslandsmóti þriðja flokks karla í knattspyrnu þann 25. maí 2007 verði breytt og ÍBV verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna.

Kærði krefst þess að úrslit leiksins verði lätin standa óhöggud.

## II.

### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik ÍBV og Vals í þriðja flokki karla í knattspyrnu þann 25. maí 2007 hafi einn leikmaður Vals, Arnar Sveinn Geirsson, kt. 300891-4119, verið ólöglegur vegna leikbanns. Vísar kærandi til þess að umræddur leikmaður hafi fengið brottvísun í leik Vals gegn ÍA þann 27. ágúst 2006 og verið dæmdur í tveggja leikja bann á fundi aganefndar þann 29. ágúst 2006.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til eftirtaldrá ákvæða í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót: 40. gr. Ólöglega skipað lið. Telur kærandi að Valur hafi teflt fram ólöglega skipuðu liði þar sem einn leikmaður liðsins hafi verið í leikbanni og hafi því brotið gegn 40. gr. og skv. því beri að dæma að Valur hafi tapað leiknum 0-3.

## III.

Í greinargerð kærða er því haldið fram að KSÍ hafi láðst að gefa út tilkynningu í upphafi Íslandsmóts 2007 þess efnis að umræddur leikmaður væri í banni og því hafi þjálfara 3. flokks Vals ekki verið kunnugt um leikbannið. Er af þeim sökum krafist að úrslit leiksins verði lätin standa óbreytt.

## IV.

### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er ekki ágreiningur um málsatvik en því er ómótmælt af hálfu kærða að umræddur leikmaður hafi verið dæmdur í keppnisbann í lok tímabils 2006 og að hann hafi spilað umræddan leik með liði Vals. Var umræddur úrskurður aganefndar um leikbann kveðinn upp þann 29. ágúst 2006 og birtur sama dag og tók hann gildi frá og með þeim tíma. Er það á ábyrgð viðkomandi félaga, en ekki KSÍ, að fylgjast með og gæta þess að leikmenn félagsins sem dæmdir hafa verið í leikbönn taki þau út.

Með því, að sannað þykir að umræddur leikmaður var úrskurðaður í tveggja leikja bann eftir að keppnistímabilinu 2006 lauk og að hann lék umræddan leik, sem var fyrsti leikur nýs keppnistímabils, verður, með vísan til greinar 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og greinar 12.1.1. í starfsreglum Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, fallist á kröfu kæranda.

Samkvæmt framanrituðu telst ÍBV-íþróttafélag hafa unnið leikinn 3-0 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 20.000,- til KSÍ.

## V.

### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga-og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

### **Úrskurðarorð:**

Knattspyrnufélagið Valur telst hafa tapað leik gegn ÍBV-Íþróttafélagi í Íslandsmóti 3. flokks karla sem fram fór 25. maí 2007 á Vestmannaeyjavelli með markatölunni 3-0.

---

Kolbeinn Árnason

---

Halldór V. Frímannsson

---

Þróstur Ríkharðsson